

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Dalabyggð.

Ólafsdalur við Gilsfjörð.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti 16. júní 2022 í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á deiliskipulagi Ólafsdals við Gilsfjörð.

Breytingin felst í að skipulagssvæðið er stækkað úr 11 hekturum í 165 hektara sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði með hverfisvernd H9 í aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Skilgreindir eru áningastaðir og gönguleiðir, byggingarreitir stækkaðir og aðgengi bætt auk þess að gert er ráð fyrir vatnsbóli, rotþró og öðrum innviðum. Skógrækt er heimiluð utan girðingar, alls 40,2 hektarar og 9,1 hektari innan girðinga.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Dalabyggðar, 30. ágúst 2022,

Arwa Alfadhli skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. september 2022